

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag á Akureyri.

Skv. skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarráð í umboði bæjarstjórnar Akureyrar þann 8. maí 2002 samþykkt deiliskipulag Höpfnarsbyggju, athafnasvæðis siglingaklúbbsins Nökkva.

Í deiliskipulaginu felst fyrirkomulag bygginga, bryggja, bílastæða, landfyllinga o.fl. Uppdráttur með greinargerð hefur hlotið þá meðferð, sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið tekur þegar gildi.

*Akureyri, 27. ágúst 2002.*

F.h. Akureyrarbæjar,

**Bjarni Reykjalin** skipulags- og byggingarfulltrúi.

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Kópavogi.

*Lyngheiði 21. Deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, samþykkti bæjarráð Kópavogs þann 23. september 1999 tillögu að stækkun lóðar og afmörkun byggingarreita fyrir tvo bílskúra við Lyngheiði 21.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Kópavogi, 29. ágúst 2002.*

F.h. skipulagsstjóra,

**Smári Smáráson.**

## AUGLÝSING

### um breytingu á gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins, nr. 559/2001, með áorðnum breytingum, sbr. auglýsingu nr. 530/2002.

Samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins með auglýsingu þessari er öðlast þegar gildi.

Gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins, nr. 559, 5. júlí 2001, með áorðnum breytingum, breytist þannig:

#### **Niðurgreiðslur og afsláttur.**

Iðnaðarráðuneytið ákveður upphæð niðurgreiðslna vegna hitunar íbúðarhúsnæðis með raforku og rafkyntum hitaveitum og setur nánari reglur þar um. Niðurgreiðslna njóta þau

heimili sem búa við slíka hitun og eiga ekki kost á heitu vatni til upphitunar frá jarðhita-veitu sem starfrækt er á viðkomandi stað.

RARIK selur raforku til húshitunar á lægra verði en til almennrar notkunar og veitir enn fremur fyrst um sinn sérstakan afslátt til þeirra sem nota raforku til hitunar íbúðarhúsnæðis.

Um niðurgreiðslur gilda eftirfarandi reglur:

Hver kílóvattstund (kWh) er niðurgreidd um fasta upphæð, upp að ákveðinni hámarksnotkun. Til grundvallar þessu er lögð orkunotkun að hámarki 50.000 kWh/ári samkvæmt lið C.1 og H.1 og að hámarki 70.000 kWh/ári samkvæmt lið A.5, en er skipt hlutfallslega niður á reikningstímabilið.

Þetta skal framkvæmt á eftirfarandi hátt:

*Liður C.1 Rofin daghitun:*

Niðurgreidd er orka sem er allt að 137 kWh á dag að jafnaði á notkunartímabilinu (*notkunartímabil = tímabilið milli álestra*). Niðurgreiðsla nemur 2,23 kr./kWh, afsláttur Landsvirkjunar nemur 0,34 kr./kWh og sérstakur afsláttur RARIK að auki 0,076 kr./kWh. Alls 2,646 kr./kWh.

*Liður A.5 Markmæling:*

Niðurgreidd er orka sem er allt að 192 kWh á dag að jafnaði á notkunartímabilinu. Niðurgreiðsla nemur 1,59 kr./kWh, afsláttur Landsvirkjunar nemur 0,24 kr./kWh og sérstakur afsláttur RARIK að auki 0,047 kr./kWh. Alls 1,877 kr./kWh.

*Liður H.1 Hitaveita:*

Niðurgreidd er orka sem er allt að 137 kWh á dag að jafnaði á notkunartímabilinu. Niðurgreiðsla nemur 2,04 kr./kWh og sérstakur afsláttur RARIK að auki 0,064 kr./kWh. Alls 2,104 kr./kWh.

*Liður C.2 Næturhitun:*

Ekki er sett hámark við niðurgreiðslur samkvæmt lið C.2 næturhitun. Niðurgreiðsla nemur 1,28 kr./kWh, afsláttur Landsvirkjunar nemur 0,39 kr./kWh og sérstakur afsláttur RARIK að auki 0,053 kr./kWh. Alls 1,723 kr./kWh.

Þessar tölur eru án virðisaukaskatts og gilda frá 1. febrúar 2002.

*Iðnaðarráðuneytinu, 26. ágúst 2002.*

**Valgerður Sverrisdóttir.**

*Þorgeir Örlygsson.*

## REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 288/1987, ásamt síðari breytingum,  
um veitinga- og gististaði.**

1. gr.

2. mgr. 3. gr. breytist og orðast svo:

Umsókn skulu fylgja eftirtalin gögn:

- a) Nákvæm teikning af húsnæði. Ef um blandaða notkun húsnæðis er að ræða skal fylgja staðfest afrit af aðaluppdrætti þess þar sem fram kemur afmörkun þess rýmis sem ætlað er fyrir reksturinn og skal tilgreina stærð þess í fermetrum.